

Sp. 502. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um frelsi í innflutningi á olíuvörum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason,
Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gefa frjálsan innflutning á olíuvörum með því að nema úr gildi ákvæði í reglugerð nr. 172 20. mars 1980 sem bindur leyfum innflutning á óhreinsuðum jarðolíum, bensíni, gasolíu og brennsluolíu skv. tollskrárnúmerunum 27.09.00; 27.10.19; 27.10.60 og 27.10.70.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að stuðla að verðlækkun á bensíni og olíum með því að gefa innflutning á þessum vörum frjálsan og koma þannig á samkeppni í þessum mikilvægu viðskiptum.

Verð á olíum og bensíni er mun hærra á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þrátt fyrir þetta kvarta olíufélögin yfir taprekstri, en standa reyndar jafnframt í sífelldum hallarbyggingum yfir útsölustöðvar sínar. Sem vonlegt er veitist mörgum torvelt að skilja hvaða rök liggi til alls þessa. Skýringanna mun ekki síst að leita í því fyrirkomulagi sem er á olíuversluninni á Íslandi. Samkeppni er engin, innflutningur er háður leyfum, hámarksverð og verðjöfnun er ákveðin af opinberum stjórnvöldum og í stað þess að olíufélögin komi fram sem keppinautar birtast þau sem samvirkur þrýstiaðili sem ver hagsmuni sína og knýr á um meira í sinn hlut vegna kostnaðar sem enginn vegur er að líta eftir og erfitt að hafa áhrif á, sbr. t.d. bensínstöðvahallirnar.

Í umræðum um olíumál er oft til þess vitnað hversu mikilvæg olíukaup okkar í Sovétríkjunum séu vegna sölu á afurðum þangað, en þess jafnframt getið að olíukaup af þeim hafi verið okkur hagstæð. Sé hér um hagstæð kaup að ræða, eins og fram er haldið, er ekki að efa að olíufélögin munu halda áfram að kaupa olíuna af Sovétmönnum þótt viðskiptafrelsi sé innleitt. Á hinn bóginn er ekki ólíklegt að samkeppni yrði þeim viðskiptum til góðs rétt eins og öðrum viðskiptum og gætu því orðið enn hagstæðari þegar viðskiptalegu frjálsræði hefði verið komið á.

Innflutningsfrelsi er langafdrifaríkasti þátturinn í því að auka frjálsræði og samkeppni í þessum viðskiptum. Án slíks frelsis verður nánast ekki um neina samkeppni að ræða, hvað annað sem gert væri. Jafnframt er ljóst að hagkvæmni í innkaupum ræður úrslitum um raunverulegan árangur í verðlækkun á olíuvörum. Allar aðrar aðgerðir eru nánast hégómi og fálm, svo lítilvægar sem þær eru í samanburði við innkaupsverðið.

Núverandi ófrelsi í innflutningi er ákveðið með reglugerð nr. 172 20. mars 1980, með stoð í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Tillaga sú, sem hér er flutt, felur viðskiptaráðherra að breyta áður nefndum ákvæðum reglugerðarinnar, enda er það á hans valdi.

Núverandi fyrirkomulag hefur gilt um langa hríð. Það hefur skilað okkur miklu dýrari olíuvörum en gildir í nágrannalöndunum. Þá er rétt að breyta fyrirkomulaginu og leita nýrrar skipunar í samræmi við það sem gildir í grannlöndunum. Því er þessi tillaga flutt. Með innflutningsfrelsi og samkeppni á að stuðla að verðlækkun á olíum og bensíni.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd.